



27. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Miðvikudaginn 30. maí 2007, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fulltrúar SSNV mæta á fundinn til viðræðna.
2. Rotþrær og fráveitumál í dreifbýli á Blönduósi.
3. Erindi frá stofnun Sigurðar Nordals.
4. Erindi frá Jónasi Skaftasyni.
5. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um viðbragðsáætlanir v. sorphirðu.
6. Frá félagsmálaráðuneyti vegna tillögu að frumvarpi.
7. Fundargerðir:
 - a. Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.
8. Fundarboð:
 - a. Landsfundur jafnréttisnefnda.
 - b. Félagsfundur í Veiðifélagi Blöndu og Svartár.
 - c. Ársfundur Byggðastofnunar.
9. Erindi frá sjávarútvegsráðuneytinu vegna byggðakvóta
10. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fulltrúar SSNV mæta á fundinn til viðræðna.

Mættir eru Adolf H. Berndsen, formaður SSNV og Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri. Fóru þeir yfir starfsemi samtakanna og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna. Miklar og gagnlegar umræður urðu.

Viku Adolf og Jón Óskar af fundi að loknum þessum lið.

Ágúst Þór Bragason þurfti að víkja af fundi og Kári Kárasón tók hans sæti.

2. Rotþrær og fráveitumál í dreifbýli á Blönduósi.

Fram lögð skýrsla og úttekt tæknideildar um málaflokkinn. Ragnar Ingi, umsjónarmaður tæknideildar kynnti úttektina. Samþykkt að fá kostnaðarmat og forgangsröðun verkefna á næsta fund.

3. Erindi frá stofnun Sigurðar Nordals.

Óskað er styrkveitingar vegna sagnapings á Þingeyrum í ágúst 2007. Bæjarráð samþykkir að veita 50 þús. kr styrk í verkefnið.

4. Erindi frá Jónasi Skaftasyni.

Bréfitari óskar eftir fundi með bæjarráði. Samþykkt að fá bréfitara á fund bæjarráðs.

5. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um viðbragðsáætlanir v. sorphirðu.

Bent er á að sveitarstjórnir hlutist til um það að gerðar séu viðbragðsáætlanir um sorphirðu í sveitarfélaginu. Áætlunin sé unnin m.t.t. þess að heimsfaraldur inflúensu brjótist út.

6. Frá félagsmálaráðuneyti vegna tillögu að frumvarpi.

Óskað er umsagnar um tillögu að frumvarpi til laga um réttindi og skyldur eigenda og leigjenda lóða í skipulagðri frístundabyggð. Bæjarráð sér ekki ástæðu til umsagnar.

7. Fundargerðir:

a. Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.

Fundargerðin er frá 14. maí sl. og er lögð fram til kynningar.

8. Fundarboð:

a. Landsfundur jafnréttisnefnda.

Fundurinn verður haldinn í Fjarðabyggð, dagana 4. og 5. júní nk.



b. Félagsfundur í Veiðifélagi Blöndu og Svartár.

Haldinn 4. júní nk. í nýja veiðihúsinu við Blöndu. Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson sækir fundinn f.h. Blönduósbæjar.

c. Ársfundur Byggðastofnunar.

Haldinn 31. maí nk. í Reykjavík.

9. Erindi frá sjávarútvegsráðuneytinu vegna byggðakvóta.

Blönduósbær fær úthlutað 137 þorskígildistönum af byggðakvóta fiskveiðiárið 2006/2007. Bæjarráð leggur til við sjávarútvegsráðuneytið að Fiskistofu verði falið að úthluta byggðakvóta sbr. reglugerð nr. 439/2007. Bæjarráð leggur þunga áherslu á að vinnsla aflans fari fram í sveitarfélaginu sbr. ákvæði reglugerðarinnar.

10. Önnur mál.

a. Stöðuleyfi fyrir frístundahús.

Lárus B. Jónsson sækir um framlengt stöðuleyfi til 1. september nk. fyrir tvö sumarhús sem standa við Sunnubraut. Bæjarráð samþykkir að lokafrestur stöðuleyfis sé 1. september nk. með þeim fyrirvara að eigandi grunnsins sé samþykkur og hugi ekki á byggingaframkvæmdir.

b. Ráðning fjármálastjóra.

Fjórar umsóknir bárust um stöðu fjármálastjóra. Bæjarstjóri gerir að tillögu að Valgerður Hilmarsdóttir verði ráðin. Samþykkt samhljóða.

c. Íbúðamál.

Bæjarstjóri fór yfir stöðu leiguíbúða. Bæjarráð samþykkir úthlutanir íbúða á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Bæjarráð samþykkir að Garðabyggð 14b og Urðarbraut 21 verði sett á söluskrá.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Kári Kárason (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Fundi slitið kl. 18:50.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)